

# Kata og vofan



1 2 3 4 5

Þessi bók er í 2. flokki samkvæmt  
þyngdarflokun Menntamálastofnunar



## Kata og vofan

ISBN 978-9979-0-2535-1

© 2005 texti og myndir: Kristín Ragna Gunnarsdóttir  
Ritstjóri: Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2005  
Menntamálastofnun  
Kópavogi

Útlit og umbrot: Kristín Ragna Gunnarsdóttir  
Filmuvinnsla og prentun: Viðey ehf.



Kata les mikið af bókum.  
Hún les og les.

Kata er búin að lesa  
allar bækur sem hún á.  
Það er gaman að lesa.





Kata er búin að lesa  
sögu um kisu.

Hún er búin að lesa  
sögu um mús.

Hún er búin að lesa  
sögu um orm.



Hvað er Kata búin að lesa?





Nú langar Kötu að lesa  
sögu um vofu.

Hún leitar að bók um vofu.

Hún leitar og leitar.

Að hverju leitar Kata?



Það er ekki til bók um vofu  
heima hjá Kötu.

Kata ætlar að reyna að  
fá lánaða bók um vofu.

Hvað ætlar Kata að fá lánað?





Kata nær í bakpoka  
og Kata nær í vasaljós.  
Hún fer í peysu og góða skó.

Það gæti tekið tíma  
að finna bók um vofu.

Hvað gæti tekið tíma?






Kata fer hús úr húsi.

Hún fer hús úr húsi  
og leitar og leitar  
að bók um vofu.

Hvert fer Kata?





Kata ber að dyrum.  
Hún ber að dyrum  
á mörgum húsum.

– Ég er að leita að  
bók um vofu, segir Kata.


Hvað gerir Kata?



Kata finnur ekki bók.  
Hún finnur ekki  
bók um vofu.

En Kata fær kökur og kakó  
og það er gaman að leita.

Hvað finnst Kötunni gaman?





Kata fær líka að heyra  
sögu um kisu,  
sögu um mús  
og sögu um orm.

En hún fær ekki að heyra  
sögu um vofu.



Hvaða sögur fær Kata að heyra?



Kata fer til ömmu sinnar.  
Hún veit að amma kann  
sögu um vofu.

Kata veit að amma  
sagði mömmu sögu um vofu  
þegar mamma var lítil.

Hver kann sögu um vofu?





Amma segir góðar sögur.

Hún er leikkona  
og er búin að segja sögur  
í mörg ár.

Af hverju segir amma góðar sögur?

Kata sér vofu í húsi ömmu.  
Hún sér vofu í risinu hjá ömmu.

Kata er viss um  
að það sé vofa í risinu.

Hvað sér Kata?






Kata heyrir söng.  
Hún heyrir söng úr risinu.

Það heyrir úúúúúúúúúú  
og vofan dansar til og frá.

Hvað heyrir Kata?





Kata fer inn í húsið.  
Hún er með vasaljós.

Hún notar vasaljós  
til að leita að vofunni.

Hvað er Kata með?





Kata læðist upp stigann.  
Hún læðist upp í ris.

Hún leitar að vofu í risinu.  
Hún leitar með vasaljósinu.

Að hverju leitar Kata?



Kata opnar dyrnar  
og laumast inn.

Úúúú!  
Vofan er að æfa söng.

En nú er Kata hissa!  
Vofan er amma Kötu.

Af hverju er Kata hissa?

Ískur





Amma var uppi í risi  
að æfa sig að syngja.

Amma Kötu var lík vofu  
þegar hún söng  
og dansaði til og frá.

Hvað var amma Kötu að gera?

Kata og amma hlæja.  
Þær hlæja og hlæja.  
Þær fá tár í augun.

Amma vofa,  
er það nú!

Af hverju hlæja Kata og amma?





Kata segir ömmu  
að hún sé að leita  
að bók um vofu.

Þær hlæja meira saman  
og amma segir Kötu sögu.  
Hún segir Kötu sögu um vofu.



Kata veifar ömmu og þakkar henni fyrir söguna.

Kata ætlar að muna söguna hennar ömmu um vofuna.

Hvað ætlar Kata að muna?



Kata ætlar líka að muna  
eftir vofunni í risinu.

Hún ætlar að muna eftir vofunni  
sem söng og dansaði  
en var svo bara amma.

Hver söng og dansaði?






Kata býr til bók.  
Hún býr til bók um vofu.

Það er gaman að búa til  
bók um vofu.

Hvað býr Kata til?





Nú á Kata fína bók.  
Hún getur lánað  
vinum sínum bókina.  
Bókin er um vofu sem  
syngur og dansar í risinu.

Hverjum getur Kata lánað bókina?





Reyndu að búa til bók um vofu!





## Til kennara og foreldra!

Í Smábókaflokki Menntamálastofnunar er reynt að höfða til ólíkra áhugasviða barna með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu. Bækurnar eru ríkulega myndskreyttar og lögð áhersla á að þær höfði bæði til tilfinninga og rökhugsunar og ekki síst til kímniáfu lesenda.

Smábókaflokksnum fylgja ekki vinnubækur en á vefsíðu Menntamálastofnunar eru ýmsar kennsluhugmyndir. Þar eru sett fram dæmi um verkefni sem henta til einstaklingsvinnu og hópinnu, í málfræði, ritun, myndvinnslu og munnlegri tjáningu.

## Umræður heima og í skólanum

**Bóklestur.** Finnst ykkur gaman að lesa? Um hvað mynduð þið helst vilja lesa? Haldið þið að til séu svoléiðis bækur? Hvar gæti Kata helst fundið bók um vofu? Til hvers eru bókasöfn?

**Að segja sögu.** Finnst ykkur gaman að hlusta á sögur? En að segja sögur? Hvað er líkt og hvað er ólíkt við að hlusta á sögu og að lesa sögu? Þekki þið einhvern sem segir skemmtilegar sögur eins og amma Kötu?

**Vofur.** Hvers vegna skyldi Kata vilja lesa sögu um vofu? Hafið þið gaman af draugasögum? Hvað mynduð þið gera ef þið heyrðuð draugaleg hljóð úr risinu? Haldið þið að Kata hafi trúað því að alvöru vofa væri á ferð?

## Leikræn tjáning

Sagan gefur ýmiss konar tilefni til leikrænnar tjáningar og látbragðsleikja. Til dæmis getur eitt barnanna verið Kata sem gengur á milli húsa í leit að draugabókinni. Önnur börn leika húsráðendur sem sýna með látbragði hvaða bók þeir eiga (bók um kisu, mús, orm og fleira sem börnin bæta sjálf við). Getið er upp á um hvað bókin fjallar, e.t.v. með aðstoð áhorfenda. Einnig er gaman að skoða hvernig vofur myndu hreyfa sig, syngja og dansa – ef þær væru til!

## Búa til bók

Bók um vofur gæti verið eins og vofa í laginu. A4 blöð (eða stærri) eru brotin saman í miðju og útlínur vofu teiknaðar framan á, þó þannig að kjölurinn haldist að mestu heill. Síðurnar eru síðan klipptar til. Einnig má klippa vofumynd úr hvítum pappír og líma á svart spjald sem forsiðu á bók eða lita vofu með hvítum eða ljósum krítarlit (Neocolor eða „klessulitum“) á svartan pappír. Í bókina fer svo að sjálfsgöðu krassandi draugasaga í máli og/eða myndum sem barnið semur sjálf!

# SMÁBÓK

## Kata og vofan



Kötu langar að lesa  
sögu um vofu.  
En hún finnur enga bók.  
Hvað gerir Kata þá?  
Lestu um það.

Smábækur Menntamálastofnunar  
eru einkum ætlaðar börnum  
sem eru að læra að lesa.

Saga og myndir:  
Kristín Ragna Gunnarsdóttir.